

Reykjavík, 20. desember 2016  
R16110125

Borgarráð

***Viðauki við viljayfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík***

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita borgarstjóra heimild til að skrifa undir meðfylgjandi viðauka við viljayfirlýsingu við almenna íbúðafélagið Bjarg, sameiginlegt félag ASÍ og BSRB. Um er að ræða viljayfirlýsingu vegna úthlutunar lóða við Hallgerðarveg í Reykjavík lóðir G og H.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viðauki við viljayfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík, dags. 12. mars 2016

Í ljósi þeirra brýnu verkefna sem blasa við á húsnæðismarkaði hafa Alþýðusamband Íslands, hér eftir nefnt ASÍ, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík, BSRB, kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, tekið höndum saman um að hefja uppbyggingu u.þ.b. 1.000 leiguíbúða í Reykjavík á næstu árum. Verkefnið er unnið á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Reykjavíkurborg og ASÍ undirrituð 12. mars 2016 sameiginlega yfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík. BSRB hefur gerst aðili að viljayfirlýsingu þessari. ASÍ og BSRB hafa nú stofnað sameiginlegt almennt íbúðafélag, Bjarg íbúðafélag hses., kt. 490916-0670, til að vinna að uppbyggingu almennra leiguíbúða á grundvelli laga nr. 52/2016 og reglugerðar nr. 555/2016.

## **Viðauki við viljayfirlýsingu um samstarf um uppbyggingu leiguíbúða í Reykjavík, dags. 12. mars 2016**

1. gr.

### **Lóðir við Hallgerðarveg**

Í samræmi við viljayfirlýsingu frá 12. mars 2016 lýsir Reykjavíkurborg yfir vilja til að úthluta nú tveimur lóðum við Hallgerðarveg í Reykjavík, merktum G og H. á meðfylgjandi fylgiskjali með viðauka þessum. Þessar lóðir eru til viðbótar lóðum til úthlutunar á árinu 2016, sem gefið var vilyrði fyrir í 1. gr. viljayfirlýsingarinnar frá 12. mars 2016.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er lóð G að stærð um 2.500m<sup>2</sup>. Heimilt byggingarmagn ofanjarðar er um 2.800m<sup>2</sup>, kjallari/bílageymsla um 2.500m<sup>2</sup> og áformaður íbúðafjöldi 28. Lóð H er samkvæmd gildandi deiliskipulag um 2.975m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt byggingarmagn ofanjarðar er um 3.500m<sup>2</sup>, kjallari/bílageymsla um 3.000m<sup>2</sup> og áformaður íbúðafjöldi 35.

Ákvæði um fyrirkomulag húsa, skipulag, útlit, frágang lóða og umhverfis, uppbyggingarhraða o.fl. verður samkvæmt samþykktri deiliskipulagsáætlun fyrir Kirkjusand, staðfest dags. 16. nóvember 2016 og væntanlegum úthlutunarbréfum.

2.gr.

### **Forsendur uppbyggingar**

Reykjavíkurborg áformar að setja sérstakar reglur um byggingu íbúða í Reykjavík á grundvelli framangreindra laga. Um vilyrði þetta verður gert nánara samkomulag milli aðila og um það munu einnig gilda væntanlegar reglur Reykjavíkurborga, sem skilgreina m.a. hlutdeild Bjargs hses., í uppbyggingu á lóðum G og H og mögulega aðkomu annarra aðila að uppbyggingunni.

Við uppbyggingu á lóðunum skal taka mið af húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, leiðarljóss borgarráðs um Nýju Reykjavíkurhúsin og samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar um ný uppbyggingarsvæði, sem samþykkt voru í borgarráði þann 27. nóvember 2014, um félagslega

blöndun, yfirbragð, íbúalýðræði og hönnun. Jafnframt skal huga að frekari félagslegri blöndum, s.s. með sölu eða útleigu ákveðins fjölda íbúða úr hverju verkefni á almennum markaði.

### 3. gr.

#### Kaupréttur Félagsbústaða hf.

Félagsbústaðir hf., kt. 510497-2799, eiga kauprétt á kostnaðarverði á 5 íbúðum á hvorri lóð, G og H, samkvæmt nánara samkomulagi, sem gengið verður frá samhliða úthlutun lóðanna.

### 4. gr.

#### Greiðslur fyrir byggingarrétt o.fl.

Greiðslur fyrir byggingarrétt á framangreindum lóðum verða ákvarðar í reglum sem Reykjavíkurborg mun setja um íbúðir, sem falla undir stofnstyrki skv. lögum nr. 52/2016. Gatnagerðargjöld verða innifalin í byggingarréttargjaldinu.

Byggingarleyfis-, tengigjöld o.fl. greiðist skv. gjaldskrá.

Greiðslufyrirkomulag verður eftir reglum Reykjavíkurborgar og nánara samkomulagi.

### 5. gr.

#### Stofnframlög o.fl.

Bjarg íbúðafélag hses. mun með sérstakri umsókn sækja um stofnframlag vegna uppbyggingar á lóðunum, sem háð verður samþykkt Íbúðalánasjóðs annars vegar og hins vegar Reykjavíkurborgar, skv. ákvæðum laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og reglum þar um. Forsenda fyrir uppbyggingu á framangreindum lóðum er að Bjarg hses. fái samþykkt stofnframlag. Hafi uppbygging félagsins á framangreindum lóðum ekki hlotið staðfestingu um stofnframlag innan tveggja ára frá undirskrift þessarar viljayfirlýsingar er borgarráði heimilt einhliða að afturkalla vilyrði þetta.

Viðauki þessi var samþykktur á fundi borgarráðs...

Reykjavík,

xx. desember 2016

F.h. Bjargs íbúðafélags hses.

F.h. Reykjavíkurborgar

Vitundarvottar: